



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM LAUSAFJÁRHLUFTFALL LÁNASTOFNANA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM LAUSAFJÁRHLOTFALL
LÁNASTOFNANA

2022 nr. 18

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 20. desember nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um lausafjárhlutfall lánastofnana.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um lánastofnanir og samstæður lánastofnana sem reikna lausafjárhlutfall í samræmi við 1. mgr. 412. gr., sbr. 460. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, sbr. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki.

Ákvæði 3. gr. og 1. mgr. 5. gr. gilda ekki um Byggðastofnun og Lánasjóð sveitarfélaga ohf.

2. gr. *Lausafjárhlutfall.*

Lausafjáreignir lánastofnana í öllum gjaldmiðlum samtals skulu á hverjum tíma nema a.m.k. 100% af hreinu útfæði lauss fjár þeirra í öllum gjaldmiðlum samtals næstu 30 daga á álagstímabili, sbr. 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2015/61, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. reglna þessara. Lánastofnanir skulu fylgja ákvæðum reglugerðarinnar við útreikning á lausafjárhlutfalli.

3. gr. *Sérstakar kröfur um lausafjárhlutfall.*

Lausafjáreignir lánastofnana í íslenskum krónum skulu á hverjum tíma nema a.m.k. 50% af hreinu útfæði lauss fjár þeirra í íslenskum krónum næstu 30 daga á álagstímabili.

Lausafjáreignir lánastofnana í evrum skulu á hverjum tíma nema a.m.k. 80% af hreinu útfæði lauss fjár þeirra í evrum næstu 30 daga á álagstímabili, ef að skuldbindingar lánastofnunar í evrum nema 10% eða meira af heildarskuldbindingum lánastofnunar.

Lánastofnanir skulu fylgja ákvæðum reglugerðar (ESB) 2015/61, með síðari breytingum, sbr. 4. gr. reglna þessara, við útreikning á lausafjárhlutfalli skv. 1. og 2. mgr. þessa ákvæðis.

4. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast gildi hér á landi eftirfarandi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) með þeim aðlögunum sem leiða af ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020 bls. 59, og ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 182/2022 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 66 frá 13. október 2022 bls. 27-28, sbr. einnig bókun 1 um altæka aðlögun við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 2/1993, þar sem bókunin er lögfest:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 frá 10. október 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekjukurfu fyrir lánastofnanir.
2. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1620 frá 13. júlí 2018 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekju fyrir lánastofnanir.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/786 frá 10. febrúar 2022 um breytingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar lausafjárþekju fyrir lánastofnanir.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/61, 2018/1620 og 2022/786, í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32015R0061&from=EN>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 11, þann 17. janúar 2015, bls. 1;
2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32018R1620&from=EN>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 271, þann 30. október 2018, bls. 10;
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/PDF/?uri=CELEX:32022R0786&from=EN>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 141, þann 20. maí 2022, bls. 1.

5. gr.

Upplýsingagjöf.

Auk reglubundinna skýrslna um laust fé, sem lánastofnanir skila Seðlabanka Íslands í samræmi við reglugerð (ESB) 2021/451, sbr. reglur um gagnaskil fjármálafyrirtækja, skulu lánastofnanir skila innstæðuyfirliti í samræmi við leiðbeiningar Seðlabankans, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 92/2019, um Seðlabanka Íslands, og 1. mgr. 9. gr. laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Falli lausafjárhlutfall lánastofnunar niður fyrir lágmark skv. 2. og 3. gr., hvort heldur það gerist á álagstíma eða ekki, eða sé fyrirsjáanlegt að það gerist innan næstu sex mánaða, skal lánastofnunin án tafar tilkynna það Seðlabankanum skriflega og tilgreina ástæður þess með fullnægjandi hætti. Hlutaðeigandi lánastofnun skal enn fremur afhenda Seðlabankanum tímasetta áætlun um hvernig hún hyggst ná því lágmarki lausafjárhlutfalls sem fram kemur í 2. og 3. gr. Þar til lágmarki skv. 2. og 3. gr. er náð skal lánastofnun skila skýrslu um laust fé í lok hvers dags.

6. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 82. tölul. 2. mgr. og 3. mgr. 117. gr. b laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, öðlast gildi 1. janúar 2023. Á sama tíma falla úr gildi reglur nr. 266/2017, um lausafjárhlutfall lánastofnana, með síðari breytingum.